

# RÚV selur byggingarrétt á lóð við Efstaleiti 1 og greiðir niður skuldir

- Mikilvægur áfangi í fjárhagslegri endurskipulagningu RÚV.
- Ávinningur sölunnar í heild er áætlaður a.m.k. 1,5 milljarðar króna en ræðst þó af endanlega staðfestu deiliskipulagi.
- Ávinningur af sölnni verður nýttur til niðurgreiðslu skulda RÚV.
- Jákvæður viðsnúningur í rekstri, staðfestur í árshlutauppgjöri.
- Enn óvissa í fjármálum RÚV, m.a. vegna yfirskuldsetningar.

Mikilvægur áfangi náðist í fjárhagslegri endurskipulagningu Ríkisútvarpsins í dag þegar skrifað var undir kaupsamning milli RÚV og einkahlutafélags með ábyrgð Skuggabyggðar ehf. um byggingarrétt á lóð við Efstaleiti 1. Ávinningur sölunnar í heild er áætlaður a.m.k. 1,5 milljarðar króna en hann ræðst af endanlega staðfestu deiliskipulagi svæðisins. Nú er unnið að deiliskipulagi lóðar við Efstaleiti á grundvelli vinningstillögu Arkþings um skipulag svæðisins. Til stendur að byggja upp blandaða byggð á svæðinu. Kaupendur skiluðu inn tilboði sem stjórn RÚV mat það hagstæðasta í söluferlinu. Í kjölfar þess voru hafnar viðræður sem lýkur nú með samþykkt stjórnar RÚV á samningnum og undirritun hans. Kaupsamningurinn um byggingarréttinn er gerður með fyrirvara um frágang fjármögnunar kaupanna, nánari útfærslu á tilteknum þáttum í skipulagi svæðisins og að ráðstöfunarheimild Ríkisútvarpsins yfir lóðarréttindunum verði staðfest með ákvæði í fjárákalogum fyrir árið 2015.

Ávinningur RÚV verður nýttur til að greiða niður skuldir félagsins. Á síðastliðnu ári hefur staðið yfir víðtæk fjárhagsleg endurskipulagning á starfsemi RÚV. Fyrr í haust var birt árshlutauppgjör sem staðfesti jákvæðan viðsnúning í rekstri félagsins og að hagræðingaraðgerðir síðasta árs hafa skilað sér. Afkoma síðustu tólf mánaða samanborið við afkomu síðasta rekstrarárs félagsins frá 1. september 2013 til 31. ágúst 2014 staðfestir enn frekar þann viðsnúning sem orðið hefur. Á framangreindu tímabili skilaði félagið hagnaði upp á 30,5 milljónir króna en tap síðasta rekstrarárs þá á undan (2013-2014) var 271 milljón eftir skatta. Rekstrarkostnaður lækkar um 4,3% að raunvirði milli rekstrarára þrátt fyrir að kostnaður við dreifingu hækki á grundvelli samnings sem gerður var að vori 2013.<sup>1</sup> Þrátt fyrir þennan góða rekstrarárangur er ljóst að félagið er yfirskuldsett, aðallega vegna uppgjörs gamalla lífeyrissjóðsskuldbindinga. Í lok síðasta rekstrarárs var eiginfjárlutfall félagsins jafnframt komið niður í 5,5% og geta til að standa við greiðslur afborgana og vaxta af lánum var ekki til staðar.

Meðal hagræðingaraðgerða sem gripið hefur verið til er endurskipulagning á húsnæðismálum RÚV, sem minnkaði verulega við sig húsnæði í Útvarphúsinu og leigði út í maí sl. 2.750 fm hluta húsnæðisins til annarrar starfsemi.

Þrátt fyrir verulegan viðsnúning í rekstri félagsins og áforma um niðurgreiðslu skulda í framhaldi af lóðasölu er félagið þó enn yfirskuldsett og ber þar hæst skuldabréf í eigu LSR sem er tilkomið vegna uppgjörs gamalla lífeyrisskuldbindinga Ríkisútvarpsins. Eins og áður hefur komið fram náði RÚV samkomulagi við LSR um frestun á greiðslum þriggja gjalddaga skuldabréfsins eða til 1. apríl 2016. Núverandi stjórn RÚV, eins og margar fyrri stjórnir RÚV, hefur vakið athygli eigandans, ríkisins, á yfirskuldsetningu félagsins og óskað eftir því að kannaðar verði leiðir til að bæta efnahag félagsins.

---

<sup>1</sup> Þess skal getið að uppgjör frá 1.9.2014-30.6.2015 er kannað af endurskoðendum félagsins, tveir síðustu mánuðirnir eru ekki kannaðir eða endurskoðaðir.